



# Gólapjós

og rafmagnsöryggi



NEYTENDASTOFA

Rafmagnsöryggissvið



**R**afmagn er einn stórvirkasti brennuvargur nútímans. Á ári hverju verða margir eldsvoðar sem eiga upptök sín í rafbúnaði. Stundum kvíknar í vegna bilunar en algengara er að gáleysi okkar sjálfra í umgengni við rafmagn valdi slysum eða íkveikju.

Jólin eru hátíð ljóssins og er þá kveikt á fleiri ljósum og lengur en aðra daga ársins. Hluti af undirbúnungi jólanna á að vera að ganga úr skugga um að þau ljós sem nota á séu í góðu lagi. Óvandaður, skemmdur og rangt notaður ljósabúnaður getur valdið bruna og slysum.

Rafmagnsöryggissvið Neytendastofu vill með þessum bæklingi minna á eftirfarandi:

**Til að tryggja að rafmagnið setji ekki brennimark sitt á heimilið um jólin er nauðsynlegt að sýna aðgát í hvívetna og fara yfir allan ljósabúnað í tíma.**

**Yfirfórum jólaljósin!**

## **Látum aldrei loga á ljósunum á jólatrénu yfir nótt eða þegar við erum að heiman!**

Engin jólaljós eru svo örugg að hægt sé að útiloka íkveikju af þeirra völdum. Varasamt er að láta loga á jólaljósakeðjum (jólaseríum), sem og öðrum jólaljósum innanhúss, yfir nótt eða þegar við erum að heiman. Sérstaklega á það við um ljós á jólatrjám.

Flestir nýrri ljósakeðjur til notkunar innandyra eru þannig gerðar að þegar ein pera „deyr“ logar áfram á hinum. Eftir því sem logar á færri perum eykst ljósstyrkur hverrar peru og þar með hitinn. Ljós sem ofhitna geta auðveldlega valdið bruna. Skiptum því strax um bilaðar perur í ljósakeðjum.

## **Hendum gömlum jólaljósum sem eru úr sér gengin!**

Algengt er að fólk haldi upp á gömul jólaljós sem eru úr sér gengin. Oft endar þessi hirðusemi með íkveikju eða slysi af völdum ljósanna. Hendum því gömlu ljósunum eða látum fagmann yfirfara þau ef minnsti grunur leikur á að þau séu í ólagi.

**Notum ætíð  
ljósaperur af  
rétti gerð,  
staerð og  
styrkleika!**

Aldrei má setja sterkari peru í ljós en það er gert fyrir. Röng gerð, staerð eða styrkur getur valdið ofhitnun sem leiðir til íkveikju.



Til þess að fá örugglega rétta ljósaperu í stað bilðrar Peru í jólaljósi er best að taka ljósabúnaðinn með sér þegar ný er keypt. Solumenn eiga að vita hvaða perur henta best.

**Sýnum aðgát!**



### Gætum þess að brennanleg efni séu ekki nálægt jólaljósum!

Vegna hitans sem stafar frá ljósaperum er mikilvægt að alltaf sé nægileg fjarlægð frá ljósi í brennanlegt efni. Rafljós geta t.d. kveikt í gluggatjöldum engu síður en kertaljós.

Sýnum sérstaka varúð gagnvart jólastjörnum og öðru pappírskrauti sem sett er utan um ljósaperur. Ef ljósapera liggur við brennanlegt efni eins og pappír er stórhætta á íkveikju.

### Óvarinn rafbúnaður getur valdið raflosti!

Þegar farið er yfir jólaljósin er áriðandi að skipta tafarlaust um brotnar klær og brotin perustæði. Göngum einnig úr skugga um að allar rafmagnsleiðslur séu heilar, að einangrun sé alls staðar í lagi og að ekki sjái í bera víra.

### Vörum okkur á óvönduðum jólaljósum!

Ekki er til neitt eitt ráð til að ganga úr skugga um hvort jólaljós séu af vandaðri gerð. Vert er þó að hafa í huga að sérlega ódýr jólaljós eru yfirleitt ekki eins vönduð og dýrari ljós af sömu gerð. Gæði og öryggi fara saman í þessu sem öðru.



**Forðumst fúsk!**

SHINING BLICK FT-20-20 LJÓSA  
230V - 50 Hz-23W  
PERUSRÆRD 12V-1.14 W  
Ljósakeðjan má ekki vera í sambandi í  
umbúðunum né þegar skipt er um perur.  
Skiptó strax um bilaðar perur og notið  
áðeins perur af réttari gerð  
ADVÖRUN: NOTIST ÁÐEINS INNANHÚSS

## Inniljós má aldrei nota utandyra!

Jólaljós utandyra eiga að vera sérstaklega gerð til slíkrar notkunar. Á öllum jólaljósum eða umbúðum

þeirra, sem sold eru hér á landi sem inniljós, á að standa á íslensku að þau séu eingöngu til notkunar innanhúss. Að nota inniljós utandyra getur verið lífshættulegt.

Útiljósakeðjur sem ekki eru tengdar við spennubreyti (12V-24V) eiga að vera vatnsvarðar. Brýnt er að perur útiljósa vísi ávallt niður svo að ekki sé hætta á að vatn safnist í perustæðin. Einnig er mikilvægt að festa útiljós vandlega þannig að perur geti ekki slegist við og brotnað.

## Látum logandi kerti aldrei standa ofan á raftæki!

Logandi kerti eru vitaskuld alltaf varasöm en komist þau í kynni við rafmagn er hætta á ferðum. Því er brýnt að láta kerti aldrei standa ofan á raftækjum eins og sjónvarpi eða hljómfloftningstækjum. Kertið getur brætt sér leið niður í tækið og kveikt í því. Einnig getur kveikurinn fallið logandi af kertinu ofan í tækið eða vax lekið niður í það og valdið ikveikju.



Búum ekki til slysgildrur með viðvaningslegum viðgerðum á rafbúnaði. Leitum frekar til fag-

Höldum gleðileg jól

- Látum aldrei loga á ljósunum á jólatrénu yfir nött eða þegar við erum að heiman!
- Hendum gömlum jólaljósum sem eru úr sér gengin!
- Notum ætíð ljósaperur af réttri gerð, stærð og styrkleika!
- Gætum þess að brennanleg efni séu ekki nálægt jólaljósum!
- Óvarinn rafbúnaður getur valdið raflosti!
- Vörum okkur á óvönduðum jólaljósum!
- Inniljós má aldrei nota utandyra!
- Látum logandi kerti aldrei standa ofan á raftæki!



**Góður siður er að skipta um rafhlöður í reykskynjurum fyrir hver jól.**

**Neytendastofa** fer með yfirumsjón rafmagnsöryggismála á Íslandi.

**Rafmagnsöryggissvið Neytendastofu** hefur yfireftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga en framkvæmd úrtaks-skoðana er í höndum faggiltra skoðunarstofa.

Fjórða útgáfa nóvember 2005 • Ábyrgðarmaður: Tryggvi Axelsson  
BODBERI ALMANNATENGSL • TEIKNINGAR: HALLDÓR BALDURSSON • PRENTUN: ODDI



**NEYTENDASTOFA**

Rafmagnsöryggissvið  
Borgartúni 21 · Sími 510 1100 · Fax 510 1101  
[www.neytendastofa.is](http://www.neytendastofa.is)